

Samantekt fundar verkefnaráðs Holtavörðuheildarlínu 3

Fundur verkefnaráðs nr. 1. 22. nóvember 2022

Verkefnisnúmer: 10.8.3

Fundur haldin á: Hótel Laugarbakka Miðfirði

Fundarritarari: Erla Björg Aðalsteinsdóttir

	Verkefnaráð	
☒	Þorleifur Karlsson	Húnaþing – vestra
☒	Magnús Magnússon	Húnaþing – vestra
☒	Unnur Valborg Hilmarsdóttir	Húnaþing – vestra
☒	Kristófer Kristjánsson	Húnaþing – vestra
☒	Oddur Sigurðsson	Ferðamálafélagi Húnaþings vestra
☒	Davíð Jóhannsson	SSNV
☒	Sigfús Ingi Sigfússon	Samtök sveitarfélaga á Norðvesturlandi
☒	Sveinn Margeirsson	Háskólinn á Hólum
☒	Ingvar Björnsson	Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
☒	Júlíus Guðni Antonsson	Fjallaskiladeild Víðdælinga
☒	Elín Anna Skúladóttir	Veiðifélag Arnarvatnsheiðar
☒	Þorsteinn B. Helgason	Veiðifélag Miðfirðinga
☒	Dagbjört Diljá Einþórsdóttir	Veiðifélag Miðfirðinga
☒	Rafn Benediktsson	Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru
☒	Björn Magnússon	Veiðifélag Víðidalssár
	Landsnet	
☒	Elín Sigríður Óladóttir	Landsnet
☒	Anna Sigga Lúðvíksdóttir	Landsnet
☒	Magni Þór Pálsson	Landsnet
☒	Sverrir Jan Norðfjörð	Landsnet
☒	Steinunn Þorsteinsdóttir	Landsnet
	Gestir/aðrir	
☒	Erla Björg Aðalsteinsdóttir	VSÓ

Dagskrá:*Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi***Kynning á skipulagi samráðs***Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdarstjóri þróunar- og tæknisviðs***Landsnet, hlutverk og markmið***Anna Sigga Lúðvíksdóttir verkefnastjóri,**Erla Björg Aðalsteinsdóttir, ráðgjafi VSÓ***Holtavörðuheildarlína 3 – kynning á verkefninu****Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda***Magni Þór Pálsson, Yfirmaður rannsókna á þróunar- og tæknisviði***Holtavörðuheildarlína 3 og jarðstrengir**

1. Samráðsvettvangurinn (Elín S. Óladóttir)

Farið yfir tilgang verkefnaráðsins og samráðs. Markmið Landsnets er að stuðla að aukinni sátt um framkvæmdir, þar sem heildarhagsmunir eru í fyrirrúmi. Bæta verklag og áætlanagerð við undirbúning framkvæmda. Reynsln í síðustu verkefnum hefur sýnt að verkefnaráð/samráð hefur leitt til breytinga á framkvæmd, nýrra rannsókna og nýrra viðfangsefna.

Vettvangur að ræða nýjar tillögur að verkefnum, lausnir eða hugmyndir til að gera verkefnið betra. Mikilvægt að ræða allt sem áhugi er að ræða um í tengslum við verkefnið.

Ljóst að ekki verði allir sammála eða sátt við niðurstöðu.

Skipan í verkefnaráðið

Það vantar fulltrúa frá náttúruverndarsamtökum. Óskað eftir að fá tillögur að fulltrúum í verkefnaráðið.

Aðgengi að gögnum

Öll gögn aðgengileg á heimasíðu verkefnisins, Holtavörðuheidi – Blanda

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/?documentid=a92f9384-7490-4fab-041d-08dac8d99db5>

Allar glærur og gögn sem eru kynnt á fundum verða aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins.

Ef vantar upplýsingar, gögn, skýrslur eða ábendingar um dagskrá funda hafa samband Elínu S. Óladóttur elins@landsnet.is

Næsti fundur

Stefnt að næsta fundi í janúar. Þá verður möguleg vinnustofa, þar sem fjallað er um hugmyndir um valkosti í verkefninu.

Umræður og spurningar

Sp:

Hvernig eru háskólar valdir inn í ráðið? Er það aðallega svæðisbundið? Ætti Háskólinn á Bifröst einnig að vera með? Fulltrúar ferðaþjónustu, eiga Samtök aðila í ferðaþjónustu heima í ráðinu? Ættu Landvernd að vera með fulltrúa?

Svar: Mest leitað til að samtaka á svæðinu, fulltrúar samtaka ferðaþjónustu á svæðinu eiga fulltrúa inni í ráðinu. Almennt ekki gert ráð fyrir samtökum sem eru með starfsemi á landsvísu, en hefur verið gerð undanþága þegar okkur hefur fundist þannig standa á t.d. halla á rödd umhverfisverndar. Verklag og starf verkefnaráða er þróunar og breytingarferli og þetta er eitt af því sem við munum skoða og fara yfir.

2. Landsnet, hlutverk og markmið (Sverrir Jan Norðfjörð)

Hlutverk Landsnets er þrjúþætt:

- Reka flutningskerfið, þ.e. raflínurnar.
- Vera kerfisstjóri, vera á vaktinni til að gæta þess að það sé jafnvægi á milli framleiðslu og notkunar á raforku
- Áætla og þróa flutningskerfið, áformum er lýst í svokallaðri kerfisáætlun.

Holtavörðuheildarlína 3 er mikilvæg framkvæmd í 10 ára kerfisáætlun Landsnets. Byggðalínan er komin til ára sinna. Hún er að verða 50 ára. Margt hefur breyst á þessum árum.

- Stærð raforkukerfisins í dag er orðið meira en 2.500 MW.
- Byggðalínan getur flutt um 100 MW.
- Allar sviðsmyndir sem Orkustofnun skoðar um þróun raforkunotkunar, fela í sér aukningu frá ástandinu í dag.

Spurningar

SP:

Hvernig er eignarhaldið á Landsnet

Svar: Í eigu opinberra aðila: Landsvirkjunar, HS orku, Orkubú Vestfjarða og Orkuveitu Reykjavíkur.

Sp.

Hvernig er dreifing á raforkunotkun - Suðvesturhornið á móti öðrum landshlutum

Svar:

Staðan er í dag að byggðalína er fullnýtt. Bara svigrúm að bæta við afli á þeim landshlutum þar sem styrking á byggðalínu hefur farið fram.

Sp.

Hvernig mun afhendingargetan aukast?

Svar: Afhendingargetan eykst um þrefalt. Reynt að horfa til 50 ára.

Sp:

Stefna stjórnvalda - væri gott fyrir hópinn að fá þá stefnu

Svar:

Stefna stjórnvalda hefur verið sett inn á heimasvæði verkefnisins undir ítarefni

3. Staða verkefnisins (Anna Sigga Lúðvíksdóttir og Erla Björg Aðalsteinsdóttir)

Verkefnið felst í að byggja upp um 90 km. 220 kV byggðalínu sem tengir landshluta. Hún mun liggja á milli Holtafjarðarheiðarheiðar og Blöndu. Gert er ráð fyrir nýju tengivirki á Holtavörðuheidi. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2024.

Markmið með framkvæmdinni er að tryggja örugga orkuafhendingu og er mikilvægur hlekkur í endurnýjun á núverandi byggðalínu.

Á næstu mánuðum á að skoða valkosti. Við viljum því fá staðkunnugt fólk til aðstoða við að finna bestu leiðina.

Næstu skref

Næstu skref er að fara í valkostagreiningu í janúar. Síðan verður hafist handa við mat á umhverfisáhrifum. Gott að nota ferli mats á umhverfisáhrifum til að bera saman valkosti m.t.t. margvíslegra þátta.

Sp.

Er hægt að fá betra kort af valkostum?

Svar: Vefsja verður opnuð á næstu vikum. Tilkynning verður send til verkefnaráðs og landeigenda þegar það verður.

Umræða um útlit og umfang mastra.

Svar: Möstrin eru stærri ca, 23 m og u.þ.b. 300 – 350 m á milli þeirra.

Sp:

Ef farið er yfir heiðarlöndin, þarf að gera nýja slóða?

Svar: já það þarf að gera vegslóða, reynt að samnýta núverandi slóða og oft reynt að skoða samnýtingu með annarri notkun á svæðinu

Sp.

Hvernig er skiptingin milli Landsnets og Rariks? Landsnet er með 66 kV, 132 kV og 220 kV. Hver er framtíð gömlu byggðalínunnar?

Svar: Í einhverjum tilvikum er línan tekin niður. Einnig er í einhverjum tilvikum er hún endurnýjuð, hvort það verður sem loftlína eða strengur á eftir að taka ákvarðanir um. Gamla línan er á endurnýjunaráætlun eftir 10 - 15 ár. Þá þarf að skoða hvað hentar best af þessum valmöguleikum

4. Jarðstrengir (Magni Þór Pálsson)

Magni fór yfir mismunandi uppbyggingu á jarðstrengjum og loftlínunum og hvað kemur í veg fyrir að hægt sé að leggja jarðstreng í háspennu kerfi eins og Holtavörðuheiðarlína 3 kemur til með að vera. (sjá glærur)

Sp.

Eru sæstrengur til Bretlands ólíkur jarðstreng á landi í meginflutningskerfinu.

Svar: Hér á landi er riðstraumur. Sæstrengur notar jafnstraum. Það kallar á endabúnað sem er bæði dýr og tæknilegur. Tapast afl við að skipta í riðstraum í jafnstraum. Heppilega fyrir mikið magn af orku yfir mjög langar vegalengdir. Áreiðanleiki þessara endastöðva ekki góður

Fáir notendur að baki stærstum hluta orkunnar - tengja nokkra notendur við DC straum

Svar: Pólitísk ákvörðun að taka ákvörðun að hvaða notendur eru teknir út fyrir kerfið. Virkjanir koma með styrkinn inn í kerfið. Stefna stjórnvalda sett á heimasíðu verkefnsins

Sp.

Sæstrengur, er það á ykkar borði?

Svar: Bara í meginflutningskerfinu. Ekki milli landa.

Sp.

Er eitthvað svigrúm fyrir streng á þessum kafla?

Svar: Ekki gert ráð fyrir streng hér. Þessar greiningar sem hafa farið fram, bæði hjá okkur og hjá stjórnvöldum (skýrsla í kjölfar óveðurs 2019) sýna lítið sem ekkert svigrúm. Skýrslan er í samráðsgátt. Fyrir HH1 - ca 5-11 km en þar er ekki gert ráð fyrir tengdum framkvæmdum t.a.m. Dalvíkurlínu og tvítengingu Snæfellsnes.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl: 18.00

Verkefni fyrir næstu fundi

1	Skoða aðkomu fleiri háskóla sem og samtaka á landsvísu inn í ráðið. Ath með fleiri aðila heima í héraði sem ættu heima í ráðinu.